

Þjónustukönnun meðal notenda í heimarþjónustu Mosfellsbæjar




Mosfellsbær

Skrifstofa umbóta & þróunar


Mái 2024

Helstu niðurstöður




100%

segja matinn heilt yfir lystugan




79%

eru ánægð með félagslega innlitið




77%

eru ánægð með þrifin




98%

segja þrifin veita sér stuðning til þess að geta búið heima og bjargað sér í daglegu lífi



92%

segja félagslega innlitið veita sér stuðning til þess að geta búið heima og bjargað sér í daglegu lífi



57%

eru ánægð með heimsenda matinn



Framkvæmd könnunar

Markmið könnunarinnar var að kanna upplifun og viðhorf notenda 67 ára og eldri af heimaþjónustu Mosfellsbæjar sem framkvæmd er af Eir. Að auki var hópurinn spurður um viðhorf til félagsstarfsins og um húsnæðismál.

Heimaþjónusta skiptist í eftirfarandi þjónustubætti:

- Þrif
- Félagslegt innlit
- Heimsendur matur

Könnunin var lögð fyrir í tölvupósti og síma á tímabilinu 27. febrúar – 5. apríl 2024.

Skrifstofu umbóta og þróunar hjá Mosfellsbæ bar ábyrgð á framkvæmd könnunarinnar.

Staðlaður spurningalisti var útbúinn fyrir könnunina.

Könnunin var nafnlaus og ekki er hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda.

Heildarfjöldi notenda 67 ára og eldri með heimaþjónustu í janúar 2024 voru 165 einstaklingar.

Alls náðist ekki í 31 manns vegna veikinda, voru ekki lengur með þjónustu eða símanúmer eða netföng ótengd. Úrtak var því 134 einstaklingar.

Alls svöruðu 97 notendur könnuninni:

59 svöruðu í netkönnun

38 svöruðu í símakönnun


Svarhlutfall er 72%




Bakgrunnur þátttakenda

97 svarendur


Kyn



Aldur




Hjúskaparstaða




Hversu oft færðu þrif?



■ Mánaðarlega ■ Oftar en mánaðarlega




segja þrifin veita sér stuðning til að geta búið heima og bjargað þér í daglegu lífi



upplifa vingjarnlegt viðmót frá starfsfólki

Heilt yfir hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þrifin?



Þrífín

”

Það sem betur má fara:

„Það má þrífa oft og betur“

„Mætti stundum þurrka meira af eldhúsi og þurrka af skápum í eldhúsi“

„Ekki nógu góð að þrífa undir rúmum, annars mjög almennileg.“

„Það er misbrestur á þjónustunni - segist eiga að fá þríf hálfsmánaðarlega en finnst það ekki vera að gerast.“

„Þurrkað úr hillunum en ekki hlutunum, mætti einbeita sér betur að öllum munum.“

„Væri gott að geta talað við þær“

„Þarf aðallega aðstoð við að þrífa þar sem þörf er á að fara upp í tröppu. Veit ekki hvort starfsmaður má gera það“

”

”

Það sem vel er gert:

„Einn starfsmaður kom með ryksugu heiman frá sér þegar mín var biluð. Vil helst að það sé sami starfsmaður sem kemur til mín.“

„Alveg í skýjunum með þessa þjónustu“

„Gert fyrir mig það sem ég þarf“

„Indælar stúlkur, mjög ánægð“

„Alveg frábært fólk í þjónustunni“

„Mjög vel gert og ekki yfir neinu að kvarta“

„Það er einstaklega gott að fá þessa þjónustu. Nú á ég erfitt með þrífín en satt best að segja var þetta aldrei mín sterkasta hlið. Þess vegna er þetta enn ánægjulegra og frelsandi“




”


Færð þú félagslegt innlit?



■ Já ■ Nei




upplifa vingjarnlegt viðmót frá starfsfólki í félagslegu innliti



segja félagslega innlitið veita sér stuðning til þess að geta búið heima og bjargað sér í daglegu lífi

Heilt yfir hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með félagslega innlitið?



Félagslega innlitið

”

„Alltaf hringt og látið vita“

„Mjög ánægð“

„Ánægð með innlitið, þær sem koma í innlit tala íslensku.“

„Það vantar meiri sérhæfingu hjá félagsliðum, meiri þjálfun.“

„Tel að það sé gott mál og þarft með það. Glæðleg andlit alltaf af því góða. Og gott að fá féлага með í göngu eða kaffihús.“

„Mjög gott yndislegar konur “


”




Færð þú heimsendan mat?



■ Já ■ Nei




segja heimsenda matinn veita sér stuðning til að geta búið heima og bjargað sér í dagsdaglegu lífi



segja matinn heilt yfir lystugan

Heilt yfir hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með heimsenda matinn?



”

„Ingi Þór er alveg sérstakur og indæll, kom því á að fá mat á hátíðisdögum, eins og um páskana. Eins er hann Magnús sem kemur með matinn alveg frábær.“


„Matur kemur of snemma, vildi koma því á framfæri.“

”

Áttu auðvelt með að ná sambandi við starfsfólk heimaþjónustunnar ef þú þarft á að halda?



Ef nei, hvers vegna er erfitt að ná sambandi við starfsfólk (14 svör)



”

Annað, hvað?

„Það er oft mjög erfitt að ná sambandi í síma. Oft á tali svo hringir án þess að sé svarað“

„Tungumálavandræði“

„Gott samband við flesta, en aðrir eru fráhrindandi“


„Ekki þurft að hringja sjálfur“

„Hvar eru þessar upplýsingar?“

”



Sækir þú félagsstarf á vegum Mosfellsbæjar?



Þau sem sögðu nei (50 svör):

„Eftir að ég missti konuna þá breyttist mikið, var áður mikið í félagsstarfi en hefur allt dottið niður núna“

„Finnst ekki hafa þörf fyrir það eins og er“

„Hefur ekki haft sig í það. Telur sig vera of gamla“

„Vill það ekki“

„Er einrænn og hef ekki þörf fyrir félagsskap“

„Aldrei verið félagslyndur maður, alltaf verið einn alla tíð“

”

„Hef nóg annað að gera“

„Vegna heilsubrests“

„Er alltaf á leiðinni“

„Hætti í Covid og ekki byrjað aftur“

„Aðstæður leyfa það ekki“

„Prufaði það um tíma en náði ekki neinu sambandi, hætti svo þegar hún hætti að keyra“


„Er í vatnsleikfimi og línudansi“

„Ég á stóra fjölskyldu og marga vini“




”



Viðfangsefnin/námskeiðin eru nægilega fjölbreytt



Tímasetningar námskeiða henta mér vel




Opnunartíminn hentar mér vel



Upplifa heilt yfir vingjarnlegt viðmót frá starfsfólki félagsstarfsins

Er einhver þjónusta sem þú hefur ekki í dag sem gæti stutt betur við dagsdaglegt líf þitt? (fólk gat valið marga svarmöguleika)



”

Annað, hvað (23 svör):

„Slæmur í fótunum, hræddur við að vera einn þegar hann fer í bað“

„Er með Parkinson og bakbrotnaði fyrir nokkrum árum, mætti fá innlit einu sinni í viku og mögulega aðstoð við aðföng“

„Er með þrif á gólfum en væri til í meiri þrif, allavega 2 sinnum í mánuði “

„Ekki í dag, kemur að því samt einn daginn“

„Strauja þvott“

„Létt þrif a gluggum, gluggakistum. Þvo af snerlum og rofum“


„Garðslátt“

„Hjúkrunarþjónusta“

”



Ef þú flytur úr núverandi húsnæði hvers konar húsnæði myndi mæta þörfum þínum best?



”

„Er nýfluttur í þjónustuíbúð á Eirhömrum“

„Þjónustukjarni með 10-20 íbúðum. Ekki svona stórt eins og á Eirhömrum.“

„Hef ekki hug á að flytja, myndi vilja vera í eigin húsnæði“

„Hef ekki efni á að kaupa eigin íbúð - en vill vera út af fyrir mig“

„Er í þjónustuíbúð nú og næsta væri þá hjúkrunarheimili“

„Það væri þá húsnæði með bílakjallara“

„Allt of dýrt að leigja hjá Eirhömrum en gott að vera þar, sé ekki fram á að við getum verið hér þegar annað okkar fellur frá“

„Háöldruð, vonast til að fá að enda á Hömrum“

„Tilbúin að huga að breytingum þegar ég verð ófær um að sjá um mig sjálf“

„Leiguíbúðir eru hræðilega dýrar hjá kerfinu“

”



